

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 5. apríl 2018 - R18030219

	Fundargerðir:	
R18010021	Fundargerð 858. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 23.3.'18	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R18020126	Erindi Vinnumálastofnunar, dags. 14.2.'18. varðani möguleika á að ráða háskólamenntaða atvinnuleitendur til sumarstarfa, ásamt umsögn mannauðsdeildar, dags. 23.3.'18.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til meðferðar.
R18030053	Bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 7.3.'18, varðandi Vatnagarða 38.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18020049	Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, dags. 20.3.'18, varðandi hraðakönnun í Álmgærði.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18020049	Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, dags. 20.3.'18, varðandi nagladekk á bifreiðum Reykjavíkurborgar.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R18020049	Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, dags. 20.3.'18, varðandi launakostnað stjórnsmálaflokka 2015-2017.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18030209	Umsagnarbeiðni nefndarsviðs Alþingis, dags. 27.3.'18, frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál.	Sent mannauðsdeild til umsagnar.
R18030189	Umsagnarbeiðni nefndarsviðs Alþingis, dags. 22.3.'18, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar-, og byggðamála, 389. mál.	Sent fjármálaskrifstofu, umhverfis- og skipulagssviði og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18010060	Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi orlof húsmæðra 2018, dags. 20.3.'18.	Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar.
R17090252	Bréf íbúa við Furugerði og Espigerði, dags. 16.3.'18, vegna byggingar fjölbýlishúss við Furugerði 23.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.

Fundargerð 858. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 23. mars kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Helgason, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Halldór Halldórsson formaður stjórnar og Halla Sigríður Steinólfsdóttir varaformaður boðuðu forföll. Í fjarveru þeirra stýrði Aldís Hafsteinsdóttir fundinum, en hún á lengsta samfellda stjórnarsetu að baki í stjórn sambandsins.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 857. fundar - 1710022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 857. fundar stjórnar sambandsins frá 23. febrúar 2018.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð. Rætt var sérstaklega um 14. lið þar sem fjallað er um umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 26. janúar 2018, um frumvarp um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, 40. mál. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur ekki efnislega afstöðu til þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu en telur varhugavert að samþykkja breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna nú þegar rúmlega tveir mánuðir eru til kosninga. Stjórnin bendir á leiðbeiningar frá Evrópuráðinu þar sem fram kemur að stöðugleiki er mikilvægur varðandi kosningalöggjöf og telur að stjórnvöld og Alþingi eigi að starfa út frá þeirri meginreglu að ekki séu gerðar meiriháttar breytingar á kosningalögum þegar minna en eitt ár er til kosninga.

Ritara er falið að koma þessari bókun á framfæri nú þegar.

2. Fundir Jónsmessunefndar - 1801015SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 15. mars 2018. Einnig lögð fram vegna 1. liðar fundargerðarinnar, drög að samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir drög að samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál og veitir formanni og framkvæmdarstjóra heimild til að skrifa undir samkomulagið. Stjórnin leggur sérstaka áherslu á að flýta vinnu við að þróa tekjuöflun og fjármögnun vegna ferðamannastaða m.a. í ljósi ákvæða stjórnarsáttmála um tilfærslu gistináttgjalds á kjörtímabilinu frá ríki til sveitarfélaga.

3. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1511036SA

Lögð fram fundargerð 30. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 12. mars 2018. Einnig lögð fram vegna 2. liðar fundargerðarinnar, skýrsla Landverndar um virkjun og vindorku á Íslandi, dags. 1. febrúar 2018, ásamt talpunktum sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins um vindorkumál, dags. 22. febrúar 2018. Stjórn samþykkti eftirfarandi bókanir samhljóða:

Stjórn sambandsins tekur undir þær áherslur sem fram koma í umsögn sambandsins sem snúa að faggildingu byggingareftirlits. Stjórnin væntir þess að umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis fari vandlega yfir þau sjónarmið sem þar eru rakin varðandi kostnaðaráhrif þessara breytinga og leiti leiða, í samráði við sambandið og aðra haghafa, um breytingar á ákvæðum laganna um faggilt byggingareftirlit. Stjórnin áréttar jafnframt að ef ekki verður horfið, að öllu leyti eða að hluta, frá því fyrirkomulagi sem lögfest var með setningu mannvirkjalaga árið 2010, mun það hafa alvarleg áhrif í för með sér, ekki síst varðandi þjónustu við byggingareftirlit í dreifbýli.

Stjórn samþykkir að haldið verði málþing, með aðkomu sambandsins og Samtaka orkusveitarfélaga, um hvernig nýtingu vindorku verði hagað hér á landi þannig að sátt verði um þá starfsemi. Stjórnin hvetur sveitarstjórnir einnig til þess að móta stefnu um nýtingu vindorku í aðal- eða svæðisskipulagi.

4. Kjarasamningur - 1803041SA

Lagður fram til kynningar samningur milli samninganefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara, dags. 13. mars 2018, sem kennarar felldu nýverið. Einnig lagt fram vinnuskjal frá kjarasviði þar sem teknar eru saman upplýsingar úr launakönnun grunnskólakennara í október 2017.

5. Launaþróunartrygging - 1803010SA

Lögð fram útfærsla launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013-2017 samkvæmt rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, dags. 1. mars 2018, ásamt dæmi um samkomulag um breytingu á kjarasamningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

6. Tillaga að mannauðsstefnu sambandsins - 1511016SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 21. mars 2018, um tillögu að mannauðsstefnu sambandsins.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga samþykkir tillögu að mannauðsstefnu sambandsins, dags. 21. mars 2018. Jafnframt samþykkir stjórn að úr gildi falli starfsmanna- og jafnréttisstefna sambandsins frá 24. mars 2006, að undanskildum þeim ákvæðum sem fram koma í stafliðum a) til q) í III kafla minnisblaðsins. Gert er ráð fyrir að þau ákvæði verði mótuð áfram og útfærð eftir aðstæðum og sett inn í sérstakar starfsreglur sem gildi fyrir innri starfsemi sambandsins.

7. Nýtt samkomulag um tónlistarfræðslu - 1803038SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. mars 2018, um nýtt samkomulag um tónlistarfræðslu. Einnig lögð fram til kynningar og umræðu drög að samkomulaginu.

Samþykkt að heimila framkvæmdastjóra og formanni að ganga frá samkomulaginu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og m.v. umræður á fundinum.

8. Tilnefning í nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu - 1802068SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 27. febrúar 2018, þar sem Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri í Bláskógabyggð, og Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri í Þingeyjarsveit, eru tilnefnd sem aðalmenn í nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, og Sigrún Blöndal, bæjarfulltrúi Fljótsdalshéraðs, og Ragnar Frank Kristjánsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar, til vara.

9. Tilnefning í Íslensku vatnafræðanefndina - 1802093SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 2. mars 2018, þar sem Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd til áframhaldandi setu í Íslensku vatnafræðanefndinni.

10. Tilnefning í innflytjendaráð - 1802094SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 12. mars 2018, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, eru tilnefnd til áframhaldandi setu í innflytjendaráði.

11. Tilnefning í stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál 2018 - 1803036SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 15. mars 2018, þar sem Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, og Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, eru tilnefnd til áframhaldandi setu í stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál 2018.

12. Umsögn um drög að reglugerð um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum - 1802083SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 27. febrúar 2018, um drög að reglugerð um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum.

13. Umsögn um lög um undirbúning að heildarendurskoðun laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla - 1802056SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 28. febrúar 2018, um undirbúning að heildarendurskoðun laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

14. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til samræmingar á áætlunum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins - 1802075SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 5. mars 2018, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til samræmingar á áætlunum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.
15. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samræmingu verklags um fjarfundi á vegum ráðuneyta - 1802084SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 6. mars 2018, um tillögu til þingsályktunar um samræmingu verklags um fjarfundi á vegum ráðuneyta, 45. mál.
16. **Umsögn um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum - 1605117SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 8. mars 2018, um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
17. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál - 1803007SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 9. mars 2018, um breytingar á lögum um húsnæðismál.
18. **Umsögn um frumvarp til laga um markaðar tekjur ríkissjóðs - 1707028SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 12. mars 2018, um frumvarp til laga um markaðar tekjur ríkissjóðs, 167. mál.
19. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku - 1802090SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 12. mars 2018, um þingsályktunartillögu flutningskerfis raforku, 179. mál.
20. **Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof - 1802063SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 13. mars 2018, um frumvarp um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, 24. mál.
21. **Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar - bótaréttur fanga - 1802082SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 13. mars 2018, um breytingu á atvinnuleysistryggingalögum (bótaréttur fanga), 48. mál.

- 22. Umsögn um breytingar á mannvirkjalögum - 1802079SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 13. mars 2018, um breytingar á mannvirkjalögum, 185. mál, ásamt fylgiskjöllum.
- 23. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum - fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn - 1802095SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 14. mars 2018, um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 190. mál.
- 24. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um byggingu 5.000 leiguíbúða - 1803034SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 14. mars 2018, um tillögu til þingsályktunar um byggingu 5.000 leiguíbúða, 43. mál.
- 25. Umsögn um frumvarp til nýrra umferðarlaga - 1801028SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 15. mars 2018, um frumvarp til nýrra umferðarlaga.
- 26. Umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd - 1610014SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til dómismálaráðuneytisins, dags. 19. mars 2018, um frumvarp til laga um persónuvernd.
- 27. Umsögn um frumvarp um sérstaka kærueimild vegna athafna og athafnaleysis - lög um mat á umhverfisáhrifum - 1606014SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. mars 2018, um frumvarp um sérstaka kærueimild vegna athafna og athafnaleysis - lög um mat á umhverfisáhrifum, 248. mál.
- 28. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgengi að stafrænum miðlum - 1709018SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 20. mars 2018, um tillögu til þingsályktunar um aðgengi að stafrænum miðlum, 236. mál.
- 29. Vinnustaðagreining - 1801018SA**
Lögð fram til kynningar vinnustaðagreining sem Maskína vann fyrir Samband Íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. mars 2018.
Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs kynntu greininguna og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.

30. Skýrsla starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara -
1611044SA

Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi
leikskólakennara í Reykjavík, dags. í febrúar 2018.

Fundi var slitið kl. 14:35

Aldís Hafsteinsdóttir

Eiríkur Björn Björgvinsson

Skúli Helgason

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari



Reykjavík 14. febrúar 2018

Til forstöðumanna stofnana ríkisins og framkvæmdastjóra sveitarfélaga.

Efni: Um möguleika á að ráða háskólamenntaða atvinnuleitendur til sumarstarfa með fjárstyrk frá Vinnumálastofnun.

Ágætu viðtakendur.

Það er óþægileg staðreynd að á skrá Vinnumálastofnunar er um þessar mundir að finna fjölda einstaklinga sem búa að viðamikilli og fjölbreyttri háskólamenntun. Má nefna að nú í janúar voru á skrá stofnunarinnar:

150 viðskiptafræðingar

54 lögfræðingar

33 kennarar

18 verk- og tæknifræðingar

13 einstaklingar með félagsfræðimenntun

og 876 einstaklingar með háskólamenntun af öðru tagi.

Það er afar mikilvægt að þetta fólk fái að láta til sín taka á vinnumarkaðnum og Vinnumálastofnun vill beina því til ykkar hvort þau sumarstörf sem falla til á ykkar vegum nú í sumar gætu ekki staðið þessum atvinnuleitendum til boða. Möguleikar væru á því að með hverjum sem ráðinn væri, fylgdi starfsþjálfunarstyrkur (enda væri viðkomandi búinn að vera þrjá mánuði eða lengur á atvinnuleysissskrá) sem næmi annað hvort hálfum eða fullum atvinnuleysisbótum í allt að sex mánuði eða ráðningartímann ef hann er styttri. Fullar bætur eru nú 227.417 kr.

Æskilegast er auðvitað að störfín sem um ræðir falli sem best að sérfræðimenntun og kunnáttu einstaklinganna svo að í ráðningunni felist þjálfun sem nýst getur í næstu skrefum einstaklinganna út á vinnumarkaðinn.

Vinnumálastofnun vill gera þetta samstarf sem hér er boðað til með ykkur, eins einfalt og mögulegt er. Stjórnendur ykkar sem vilja nýta sér þennan möguleika, senda tölvupóst til þjónustuskrifstofa okkar með upplýsingum um störf og starfstíma og starfsmenn Vinnumálastofnunar verða í sambandi fljótlega í kjölfarið og kanna möguleika á að miðla til ykkar atvinnuleitendum til samræðu og e.t.v. ráðningar.

Nú nýverið fékk Vinnumálastofnun niðurstöður úr þjónustukönnun sem gerð var meðal atvinnurekenda sem nýta sér þjónustu stofnunarinnar. Þar kom fram að 70% þeirra sem ráðið hafa fólk til sín af atvinnuleysisráðningu eru ánægðir með ráðninguna (hlutfallið er enn hærra meðal þeirra sem ráðið hafa fólk með skerta starfsgetu til sín). Á þessu sést að sá hópur sem

er á skrá stofnunarinnar og leita að starfi við hæfi, hafa mikið að bjóða til að gera vinnustaði skilvirka og metnaðarfulla.

Til að hafa samband við þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar vinsamlegast sendið tölvupóst á eftirfarandi starfsmenn:

Höfðuðborgarsvæðið:

Tengiliðir: Katrín Magnúsdóttir og Emilía Sjöfn Kristinsdóttir - vinnumidlun@vmst.is

Vesturland

Tengiliður: Guðrún Gísladóttir og Bryndís Bragadóttir – vesturland@vmst.is

Vestfirðir:

Tengiliðir: Arnar Þór Stefánsson og Guðrún Stella Gissurardóttir - vestfirdir@vmst.is

Norðurland vestra

Tengiliður: Birna Velemir - birna.velemir@vmst.is

Norðurland eystra

Tengiliður: Soffía Gísladóttir - soffia.gisladottir@vmst.is

Austurland

Tengiliður Stefán Þór Hauksson - stefan.hauksson@vmst.is

Suðurland:

Tengiliður: Svava Júlía Jónsdóttir - radgjafar@sudurland.is

Suðurnes:

Tengiliður: Hildur Jakobína Gísladóttir - hildur.gisladottir@vmst.is

Vinnumálastofnun vonar að þetta samstarfstilboð sé áhugavert fyrir ykkur og þær stofnanir sem þið stjórníð. Hvaða ráðningartími sem er fyrir þann sem er að leita að framtíðarstarfi, skiptir miklu máli til að vekja áhuga og hvatningu til að vera öflugur þátttakandi á vinnumarkaðnum. Til þess er leikurinn gerður.

Vona að undirtektir verði góðar.

Með góðri samstarfskveðju

Gissur Pétursson forstjóri

Reykjavík 23. mars 2018

Tilvísun í mál: R18020126

5923

Borgarráð

Umsögn mannauðsdeildar um erindi Vinnumálastofnunar um möguleika þess að ráða háskólamenntaða atvinnuleitendur til sumarstarfa með fjárstyrk frá Vinnumálastofnun.

Óskað var eftir umsögn starfsmannstjóra Reykjavíkurborgar um erindi Vinnumálastofnunar, dags. 14. febrúar sl., um möguleika þess að ráða háskólamenntaða atvinnuleitendur til sumarstarfa með fjárstyrk frá Vinnumálastofnun.

Mannauðsdeild hefur undanfarin ár lagt áherslu á að sumarstörf sem eru á vegum Reykjavíkurborgar séu auglýst á vef borgarinnar og samfélagsmiðlum til þess að tryggja jafnræði og aðgengi einstaklinga að störfunum. Yfir 200 sumarstörf eru auglýst á vef Reykjavíkurborgar á nær öllum sviðum og stefnir Reykjavíkurborg að því að ráða í kringum 900 einstaklinga nú í sumar.

Sumarstörf sem auglýst eru á vegum Reykjavíkurborgar eru fjölbreytt og geta allir þeir sem uppfylla skilyrði starfsins sótt um. Þannig geta háskólamenntaðir atvinnuleitendur sótt um sumarstarf hjá Reykjavíkurborg líkt og aðrir. Þess má þó geta að sumarstörf hjá Reykjavíkurborg gera mismiklar kröfur um menntun og gerir meirihluti auglýstra sumarstarfa hjá Reykjavíkurborg ekki kröfu um háskólamenntun.

Í ljósi þeirrar stöðu sem nú ríkir á vinnumarkaði telur mannauðsdeild ekki tilefni til þess að blása til sérstaks sumarátaks líkt og gert var á árunum eftir hrun með sérstakri fjárveitingu úr borgarráði. Mannauðsdeildir munu þó áfram kynna þennan möguleika fyrir sviðum og starfsstöðum Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg hefur átt í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun síðastliðin misseri og hefur áhuga á áframhaldandi samstarfi til að stuðla að aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði.


Ragnhildur Ísaksdóttir, Starfsmannstjóri Reykjavíkurborgar

Auður Björgvinsdóttir, Teymisstjóri atvinnu- og ráðningarmála

Til sveitarfélaga

Orlof húsmæðra 2018

Samkvæmt upplýsingum frá Velferðarráðuneytinu skal framlag sveitarfélaga til orlofsnefnda á hverju svæði vera minnst kr. 110,91 fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins. Framlag þetta skal greiða orlofsnefnd viðkomandi orlofssvæðis fyrir 15. maí nk. sbr. 5. gr. laga nr. 53/1972.



Jóhannes Á. Jóhannesson

íðnaðartæknifræðingur

Netfang: johannes.a.johannesson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Reykjavík 16. mars 2018

Efni: Mótmæli íbúa við fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, 108 Reykjavík.


Íbúar við Furugerði og Espigerði hafa sent borgaryfirvöldum bréf og fyrirspurnir vegna fyrirhugaðrar byggingar fjölbýlishúsa við Furugerði 23 í Reykjavík.

Nánar tiltekið sendu íbúar Borgarráði og Skipulagsfulltrúa bréf dags. 21. desember 2017. Svar barst með tölvupósti 5. janúar 2018 frá Ann Andreasen á skrifstofu skipulagsfulltrúa. Einnig barst svar við sama erindi, ásamt umbeðnum gögnum, frá Hrólfi Jónssyni, skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar með bréfi 16. janúar 2018. Íbúar sendu skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar bréf 4. febrúar 2018 þar sem frekari upplýsinga í sjö tölusettum liðum var óskað. **Svar hefur ekki borist við því bréfi en afrit þess var sent Borgarráði og Skipulagsfulltrúa.** Hér er um mikilvægt hagsmunamál fyrir íbúa svæðisins að ræða og að mati íbúa er ekki boðlegt að erindi þeirra sé hunsað með þeim hætti sem gert hefur verið.

Óháð því hvort og þá hvenær svar berst við ofangreindu bréfi frá 4. febrúar 2018, óska fulltrúar íbúa eftir fundi með þér vegna málsins eigi síðar en 6. apríl næstkomandi.

Einnig er óskað eftir þeim fundargerðum Borgarráðs þar sem málið hefur verið rætt og gögnum er varða málsmeðferð hjá Reykjavíkurborg frá 16. janúar 2018.

Fyrir hönd aðgerðarhóps íbúa við Furugerði og Espigerði


Lára Áslaug Sverrisdóttir
Furugerði 10, 108 Reykjavík
larasverris@simnet.is

Afrit sent:
Borgarráð
Skipulagsfulltrúi
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

27. mars 2018

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 13. apríl nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalíð er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0551.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni <http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html>

Kveðja,

Kristjana Benediktsdóttir
skjalavörður
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0433, fax 563-0430

22. mars 2018

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála, 389. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 5. apríl nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0539.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Bestu kveðjur,

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sigruns@althingi.is
www.althingi.is



Borgarráð


Vatnagarðar 38 - bílastæði

Óskað er heimildar borgarráðs til að gera tímabundinn leigusamning við Reiti fasteignafélag hf. um landspildu milli Holtagarða og Sæbrautar.

Greinargerð: Á sínum tíma úthlutaði Reykjavíkurborg Alp bílaleigu lóð undir starfsemi sína við Vatnagarða 38. Var úthlutunin háð ákvæðum sem fram koma í skipulagi fyrir lóðina að samningur um bílastæði við Reiti á bílastæði Holtagarða væri til staðar. Var slíkur samningur gerður. Leigjendur í Holtagarðum kærðu hins vegar þennan samning og nú hefur fallið dómur í málinu þar sem niðurstaðan er sú að Reitum hafi ekki verið heimilt að gera slíkan samning án samþykkis leigjenda í Holtagarðum. Til að leysa þetta mál tímabundið eða þar til að Reitir hafa endurnýjað samninga í Holtagarðum þar sem fram kemur heimild til að leigja stæðin. Um er að ræða 5 ár.

Meðfylgjandi héraðsdómur í málinu ásamt mynd af fyrirhuguðu bílastæði.

Hrólfur Jónsson



AFSTÖÐUMYND
 Tímabundin aukablaðstöð
 1:1000



Ög. Daga. Skýing. Dætt.

HOLTAVEGUR 8-10
 HOLTAVAGARÐAR
 TILLAGA AÐ TÍMABUNDNUM BILASTÆÐUM

Dagsetning: 22.2.2017
 Málkvæði: 1:1000
 Heildis Góðmunnsson 145648-2438
 Hólavegur 8-10, Hólavegur
 Ólafur K. Sveinsson 200295-5229
 Ragnar Auðum Björgvin 230104-4499
 Samræð Góðmunnsson 011656-4038



THO ARCHITECTAR
 Faskóla 9, 105, Reykjavík, KÍ 44103-2290
 Sími 545 8000, fag@tho.is, www.tho.is

07-024 0301
 Versnúmer Númer Útgáfa



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

DÓMUR
15. febrúar 2018

Mál nr. E-736/2017:
Stefnandi: RFC ehf.
(*Ásgeir Þór Arnason lögmaður*)

Stefndu: Reitur II ehf.
✓ (*Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir lögmaður*)
ALP hf. (Réttargæsla)
(*Garðar Guðmundur Gíslason lögmaður*)
Allrahanda GL ehf. (Réttargæsla)

Dómari: Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 15. febrúar 2018 í máli nr. E-736/2017:

RFC ehf.

(Ásgeir Þór Árnason lögmaður)

gegn

Reitum II ehf. og

(Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir lögmaður)

ALP hf. og

(Garðar Guðmundur Gíslason lögmaður)

Allrahanda GL ehf., til réttargæslu

Mál þetta, sem var dómtekið 19. janúar sl., er höfðað með stefnu birtri 21. febrúar sl. Stefnandi er RFC ehf., Holtavegi 10 í Reykjavík. Stefnu eru Reitir II ehf., Kringlunni 4–12 í Reykjavík. ALP hf., Holtavegi 10 í Reykjavík, og Allrahanda GL ehf., Klettagörðum 4 í Reykjavík, er stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að fjarlægja allar sérmerkingar á bílastæðum fasteignarinnar að Holtavegi 10 í Reykjavík (Holtagarðar) að viðlagðri greiðslu 100.000 króna dagsekta sem renni til stefnanda frá dómsuppsögu. Nánar tiltekið er þess krafist að eftirfarandi merkingar verði fjarlægðar: Annars vegar sérmerkingar á 81 bílastæði á efri palli bílastæðabyggingar vestan megin á lóðinni að Holtavegi 10 í Reykjavík sem á stendur „AVIS/Budget“ og merkt eru með númerunum A1–A9, B1–B9, C1–C9, D1–D10, E1–E11, F1–F11, G1–G11 og H1–H10. Hins vegar sérmerkingar fyrir hópferðabíla á bílastæði á suðvesturhluta sömu lóðar, bæði þau skilti sem á stendur „Gray Line Iceland Private Parking“ og „Rútustæði“, og götumerkingarnar „BUS“ á sömu stæðum. Auk þess krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og greiðslu málskostnaðar að mati dómsins úr hendi hans.

Réttargæslustefndi ALP hf. gerir kröfu um um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt framlögðum reikningi. Réttargæslustefndi Allrahanda ehf. lætur málið ekki til sín taka.

Málavextir

Árið 2011 tók stefnandi á leigu til 20 ára hluta af húsnæðinu í verslunarmiðstöðinni Holtagarðar að Holtavegi 10 af stefnda með leigusamningi dagsettum 27. júlí það ár.

Í 1. gr. leigusamningsins er hið leigða skilgreint þannig: „Hið leigða er alls 3700 m² að Holtavegi 10 í Reykjavík, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum eignarinnar. Húsnæðið er leigt undir starfsemi líkamsræktarstöðvar, verslun/veitingasölu og skal nýtt sem slíkt. Fastanúmer eignarinnar samkvæmt Fasteignaskrá Íslands er 202-0315.“ Samkvæmt 2. gr. samningsins er leigutíminn frá 1. nóvember 2011 til 31. [svo] september 2031 en í samningnum eru nánari ákvæði um uppsögn og framlengingu samningsins. Í fylgiskjali leigusamningsins, sem er hluti samningsskilmála, er m.a. kveðið á um viðhald eignarinnar og rekstrarkostnað. Í 4. gr. viðaukans eru ákvæði um skiptingu kostnaðar af viðhaldi og rekstri á milli leigusala og leigutaka. Segir þar m.a. að leigusali beri ábyrgð á viðhaldi utanhúss og segir að viðhaldsskyldur hans taki m.a. til þess að malbika lóð, bílastæði og gangstétt. Þá skuli hann einnig sjá um allt viðhald á burðarvirki og stofnlögnum bílastæðahúsa en að öðru leyti sjái leigutaki um allan rekstur og viðhald á bílastæðahúsum og bílastæðum. Um rekstrarkostnað er fjallað í 5. gr. viðaukans. Þar segir að leigutaki greiði allan sérgreindan kostnað af hinu leigða og taki hlutfallslega þátt í sameiginlegum rekstrarkostnaði í þeim tilvikum sem það eigi við, m.a. kostnaði af snjómokstri og umhirðu lóðar. Kostnaður vegna rekstrar eignarhluta og lóða sem séu sameiginlegir með öðrum leigutökum skiptist á eignarhluta í réttum hlutföllum við stærð húsnæðis og er kostnaður vegna bílastæða meðal þess sem tilgreint er að skiptist með þeim hætti.

Með tölvubréfi dagsettu 22. maí 2015 tilkynnti stefndi leigutökum í Holtagörðum öðrum en stefnanda að hann væri að ganga frá leigusamningum við réttargæslustefndu. Í bréfinu kemur fram að ALP bílaleiga muni fá 100 sérmerkt bílastæði. Ekki er vikið að því að bílastæði verði sérmerkt fyrir hinn réttargæslustefnda en ráða má af bréfinu að starfsemi þess aðila muni kalla á umferð hópferðabifreiða. Í leigusamningi stefnda við ALP hf. segir að leiguhúsnæðinu fylgi 100 sérmerkt bílastæði á efri palli bílastæðabyggingar fyrir framan inngang að hinu leigða húsnæði. Leigusamningur við réttargæslustefnda Allrahanda ehf. er ekki meðal gagna málsins, en í greinargerð stefnda segir að í þeim samningi sé samið um að sá réttargæslustefndi fái sérmerkt bílastæði til afnota, án þess að fjöldi þeirra sé tiltekinn. Þá er upplýst í áður nefndu bréfi að leigutekjur af sérmerktum bílastæðum verði nýttar til að standa straum af sameiginlegum markaðs- og auglýsingakostnaði fyrir rekstraraðila húsnæðisins og jafnframt að ALP bílaleiga muni alfarið sjá um viðhalds- og rekstrarkostnað af þeim bílastæðum er verði sérmerkt því fyrirtæki.

Í janúar 2016 hóf stefndi að sérmerkja tiltekin bílastæði á lóð eignarinnar fyrir bílaleigubíla á vegum réttargæslustefnda ALP hf. í samræmi við ákvæði leigusamnings stefnda við þann réttargæslustefnda. Þá hefur stefndi einnig breytt nýtingu bílastæða á suðvesturhluta lóðarinnar sem áður voru ætluð fyrir einkabíla en

eru nú sérmerkt fyrir hópferðabíla og voru þau til skamms tíma merkt réttargæslustefnda Allrahanda ehf. með merkingunni „Gray Line Iceland Private Parking“ en í greinargerð stefnda kemur fram að það skilti hafi nú verið fjarlæggt.

Stefnandi mótmælti framangreindum merkingum á bílastæðum og koma þau mótmæli m.a. fram í tölvupóstssamskiptum frá 6. og 7. janúar 2016. Í þeim gögnum má einnig sjá að stefndi telji sig hafi fullan rétt til þessara ráðstafana.

Stefnandi leitaði til kærunefndar húsamála með ágreining málsins og álit hennar liggur fyrir, nr. 14/2016. Að álit nefndarinnar hefur stefnandi afnotarétt af umdeildum bílastæðum á grundvelli leigusamnings aðila og stefnda sé því óheimilt að sérmerkja þessi stæði án hans samþykkis. Stefnandi unir ekki því álit og hefur stefnandi því höfðað mál þetta og gerir kröfu um að sérmerkingarnar verði fjarlægðar að viðlögðum greiðslum dagsekta.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að hann hafi samið um aðgang að umdeildum bílastæðum með leigusamningi sínum við stefnda. Vísar hann í því sambandi til 4. mgr. 4. kafla viðaukans við samninginn þar sem kveðið er á um að stefnandi sjái um rekstur og viðhald á bílastæðahúsum og bílastæðum og 1. mgr. 5. gr. þar sem m.a. sé kveðið á um að stefnandi taki þátt í kostnaði af rekstri stæðanna, þ.á.m. snjómokstri. Ákvæðin bendi eindregið til þess að afnot af bílastæðum séu hluti samnings aðila og takmarkist einungis af sambærilegum rétti annarra leigutaka, sem deili rekstrarkostnaði af stæðunum. Stefnandi hafi því mátt vera ljóst að honum hafi verið óheimilt, án samþykkis stefnanda, að ráðstafa afnotarétti af bílastæðum til annarra með samningum sem gerðir voru eftir að hann gerði leigusamning við stefnanda. Auk þess hafi verið óheimilt að sérmerkja bílastæðin án tilskilins leyfis frá byggingaryfirvöldum og merkingarnar fari í bága við deiliskipulag svæðisins.

Um lagarök vísar stefnandi til 5. mgr. 1. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994, 1. mgr. 14. gr., meginreglu 32. gr., 36. gr. og 4. mgr. 42. gr. sömu laga. Auk þess vísar hann til 36. gr. fjöleignarhúsalaganna nr. 26/1994 og samningalaga nr. 7/1936. Varðandi kröfu um greiðslu dagsekta vísar stefnandi til 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 og byggir á því að fjárhæð hennar sé hófleg með hliðsjón af óþægindum og tjóni sem aðgerðir stefnda hafi valdið honum.

Stefnandi gerir ekki kröfu, að svo stöddu, á hendur réttargæslustefndu en vísar til 1. mgr. 21. gr. laga um aðild þeirra enda kunni úrslit máls að skipta þá máli að lögum.

Málsástæður og lagarök stefnda og réttargæslustefnda ALP hf.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að leigusamningur aðila komi ekki í veg fyrir að hann hafi heimild til að sérmerkja hluta bílastæða á lóð fasteignarinnar við Holtaveg 10.

Stefndi leggur áherslu á að umdeild bílastæði séu séreign en ekki hluti af sameign í fjöleignarhúsi. Hann byggir á því að hvorki ákvæði laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús né nein þau ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 þar sem vísað sé til reglna um fjöleignarhús geti átt við um ágreining aðila þar sem umdeilt bílastæði sé ekki fjöleignarhús og falli þar af leiðandi ekki undir ákvæði þeirra laga. Að minnsta kosti sé ljóst að mati stefnda að ákvæði laga um sameign fjöleignarhúsa geti ekki átt við um bílastæðin þar sem þau séu séreign hans.

Stefndi byggir á því að umdeildar sérmerkingar hafi ekki í för með sér verulega röskun eða óþægindi fyrir stefnanda. Bílastæðin við Holtagarða hafi ávallt verið illa nýtt og næg bílastæði til sameiginlegra nota séu enn við húsið. Jafnvel þótt sérmerkingarnar teldust það miklar að ákvæði 27. gr. fjöleignarhúsalaga ættu við geti samþykki fyrir slíkum breytingum, sem þar sé áskilið, einungis verið samþykki annarra eigenda fjöleignarhússins. Í þessu tilviki sé eini sameigandi stefnda Festing ehf., sem eigi hluta af Holtagörðum á móti stefnda. Stefnandi sé leigjandi og því ekki þörf fyrir samþykki hans til breytinga á séreign stefnda á grundvelli nefnds lagaákvæðis. Auk þessa bendir stefndi á það í greinargerð sinni að eins og staðan sé nú hafi stefnandi afnot af mun fleiri bílastæðum en hann myndi hafa væri húsnæðið að Holtagörðum fullnýtt.

Þá mótmælir stefndi því að merkingar fyrir hópferðabíla falli undir sérmerkingu. Hann kveðst hafa tekið niður merkingar á þeim stæðum þar sem stæðin hafi verið sérstaklega merkt Allrahanda ehf., þ.e. með merkingunni „Gray Line Iceland Private Parking“, og eftir standi að þessi stæði séu ætluð hópferðabílum almennt og allir leigutakar hafi jafnan aðgang að þeim stæðum fyrir þá tegund bifreiða. Honum hafi verið heimilt að breyta nýtingu þessara bílastæða á grundvelli eignarréttar síns á bílastæðunum, án samráðs eða samþykkis annarra, enda séu bílastæðin séreign hans.

Loks mótmælir stefndi kröfu um greiðslu dagsekta, fjárhæð þeirra sé of há miðað við þá hagsmuni sem séu í húfi, auk þess sem upphafstími þeirra sé ósanngjarn í ljósi þess að hann þurfi svigrúm til að taka skiltin niður, verði það niðurstaða dóms.

Réttargæslustefndi ALP ehf. tekur undir kröfur stefnda í málinu en gerir ekki sjálfstæða kröfu til annars en greiðslu málskostnaðar. Í málflutningi hans kom fram að réttargæslustefndi liti svo á að hann hefði einkarétt á notkun bílastæða sem væru merkt honum og að það atriði hefði verið mikilvæg forsenda samnings hans við stefnda.

Forsendur og niðurstaða dóms

Ágreiningur máls þessa lýtur að því hvort stefnandi hafi á grundvelli leigusamnings aðila afnotarétt af tilteknum bílastæðum og stefndi hafi með því að sérmerkja þau, annars vegar til nota fyrir tiltekinn annan leigjanda húsnæðisins og hins vegar með því að merkja þau til afnota fyrir hópferðabíla, brotið gegn ákvæðum samnings síns við stefnanda.

Óumdeilt er að stefndi er annar af tveimur eigendum eignarinnar Holtavegur 10 en fyrir liggur eignaskiptayfirlýsing varðandi eignina, undirrituð í október 2015 af stefnda og Festingu ehf. sem eigendum hennar. Þá andmælir stefnandi ekki þeirri staðhæfingu stefnda að bílastæðin sem um er deilt séu séreign stefnda og verður það því lagt til grundvallar í málinu þótt gögn málsins beri þetta ekki skýrlega með sér. Þá er heldur ekki ágreiningur um að bílastæðin voru í upphafi leigutímans án sérmerkinga þannig að stefnandi og aðrir leigutakar höfðu jafnan aðgang að þeim. Á því varð breyting í upphafi árs 2016 eftir að stefndi hafði gert leigusamninga við réttargæslustefndu þar sem í báðum samningunum er gert ráð fyrir því að leigjendur hafi aðgang að tilteknum sérmerktum bílastæðum.

Svo sem rakið er í atvikalýsingu eru fjölmörg ákvæði í fylgiskjali með leigusamningi aðila, sem samkvæmt 4. gr. samningsins er órjúfanlegur hluti hans, sem fjalla um rekstur- og viðhald umdeilda bílastæða. Þar er kveðið á um að kostnaður af rekstri bílastæðanna og öðrum hlutum hins leigða sem eru nýttir sameiginlega með öðrum leigutökum skiptist á eignarhluta í réttum hlutföllum við stærð húsnæðis.

Þá er athugasemd í skráningartöflu yfir matshluta 04, sem er umrætt bílastæðamannvirki, dagsettri 8. október 2010, sem fylgir áðurnefndri eignaskiptayfirlýsingu, um að bílastæðin tilheyri matshluta 01 (eignarhluta stefnda) og að öll bílastæðin séu sameign allra.

Á grundvelli framangreindra gagna er vafalaust að í leigusamningi aðila fólst að stefnandi hefði afnotarétt að öllum bílastæðum stefnda til jafns við aðra sem hafa rétt til að nýta þau. Það leiðir af grunnreglu samningaréttar um að samningar skuli standa. Af því leiðir þessum afnotarétti getur stefndi hvorki breytt né rýrt á samningstímanum með einhliða yfirlýsingu án þess að fyrir liggi önnur og veigamikil rök sem leiði til þess að framangreindri meginreglu verði vikið til hliðar.

Stefndi byggir á því að hann hafi ekki rýrt afnotarétt stefnanda með umdeildum merkingum. Annars vegar byggir hann á því, svo sem fram kom í aðalmeðferð málsins, að merkingarnar til handa réttargæslustefnda ALP ehf. séu í raun ekki sérmerkingar. Byggir hann í þessu efni á því að skilti með merkingunni „einkastæði“, sem gefið hafi til kynna að bifreiðar annarra en þeirra sem merkingarnar vísi til væru ekki velkomnar þar, hafi verið fjarlægð af stæðunum og það leiði til þess

að ekki sé lengur um eiginleg einkastæði að ræða, þótt við sérhvert bílastæði sé skiltið AVIS/Budget og númer stæðis. Ekki er hald í þessari málsástæðu stefnda enda er hún efnislega í andstöðu við gögn málsins, m.a. ákvæði leigusamnings hans við þennan réttargæslustefnda og hefðbundinn skilning manna á því sem felst í að bílastæði sé merkt tilteknum notanda. Þá er heldur ekki fallist á þá málsástæðu stefnda að bílastæðin sem merkt eru hópferðabifreiðum séu ekki sérmerkt. Fyrir liggur að hluti merkinga þeirra stæða hafi verið tekinn niður og eru þau stæði nú einvörðungu merkt hópferðabifreiðum en ekki vörumerki fyrirtækisins. Á hinn bóginn liggur fyrir að stefndi hefur gert samning við réttargæslustefnda Allrahanda ehf. um einkaafnot af tilteknum fjölda bílastæða. Það fyrirtæki rekur hópferðabifreiðar og engin haldbær gögn liggja fyrir um að tilgangur þessara merkinga sé annar en sá að tryggja þeim réttargæslustefnda aðgang að sérmerktum bílastæðum fyrir starfsemi sína.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða dómsins að stefnda hafi verið óheimilt, án samþykkis stefnanda, að taka umdeild bílastæði úr almennri notkun og sérmerkja þau með þeim hætti sem gert er. Verður krafa stefnanda um að stefndi taki umræddar merkingar niður því tekin til greina, þó þannig að þýðingarlaust er að halda fram kröfu um að taka niður þann hluta skiltanna sem þegar hefur verið fjarlægður.

Jafnframt er fallist á þá kröfu stefnanda að stefnda beri að fara að dóminum að viðlögðum dagsektum, sem leggjast þó ekki á fyrr en að fjórum vikum liðnum frá uppkvaðningu dóms að telja. Með hliðsjón af þeim hagsmunum sem í húfi eru er fjárhæð dagsekta hæfilega ákveðin 25.000 krónur.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem er hæfilega ákveðinn 675.000 krónur.

Mál þetta flutti Ásgeir Þór Árnason lögmaður fyrir stefnanda, Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir lögmaður fyrir stefnda og Eleonora Bergþórsdóttir lögmaður fyrir réttargæslustefnda ALP hf.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð

Stefnda, Reitum II ehf., ber að fjarlægja allar sérmerkingar á bílastæðum fasteignarinnar að Holtavegi 10 í Reykjavík (Holtagarðar) að viðlagðri greiðslu 25.000 króna dagsekta sem renni til stefnanda, RFC ehf., frá þeim tíma þegar fjórar vikur eru liðnar frá dómsuppsögu og þar til skyldan er innt af hendi. Nánar tiltekið skal stefnandi fjarlægja eftirfarandi merkingar: Merkingar á 81 bílastæði á efri palli bílastæðabyggingar vestan megin á lóðinni að Holtavegi 10 í Reykjavík sem á stendur „AVIS/Budget“ og merkt eru með númerunum A1–A9, B1–B9, C1–C9, D1–D10, E1–E11, F1–F11, G1–G11 og H1–H10 og merkingar fyrir hópferðabíla á bílastæði í

suðvesturluta sömu lóðar þar sem stendur „Rútustæði“ og götumerkingarnar „BUS“ á sömu stæðum. Þá skal stefndi greiða stefnanda 675.000 krónur í málskostnað.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavíkur 15. febrúar 2018.

Gjald 750 kr.



BORGARSTJÓRN 20.3.2018: Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um hvort bílar í eigu Reykjavíkurborgar keyri á nagladekkjum - R18020049

Óskað er eftir upplýsingum hvort að Reykjavíkurborg eða félög í hennar eigu eigi og reki bifreiðar sem keyra um á nagladekkjum á vetrarmánuðum og hversu margir þeir eru.


BORGARSTJÓRN 20.3.2018: Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, varðandi hraðakönnun í Álmgærði - R18020049

Á haustmánuðum 2017 framkvæmdi lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tvisvar sinnum hraðakönnun með myndavélabílum í Álmgærði. Niðurstöður þeirra kannana leiddu í ljós hátt brotahlutfall og talsverðan hraða. Þessar niðurstöður voru sendar til Reykjavíkurborgar. Óskað er eftir upplýsingum um hvaða meðferð þessi ábending frá lögreglunni til Reykjavíkurborgar hefur fengið í stjórnkerfinu og til hvaða aðgerða borgaryfirvöld ætla að grípa til og telja sig geta gripið til, til að tryggja öryggi við þessa götu.

BORGARSTJÓRN 20.3.2018: Fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um heildarlaunakostnað stjórnmálaflokkanna 2015-2017 - R18020049

Óskað er eftir upplýsingum um heildarlaunakostnaði, ásamt launatengdum gjöldum, hvers stjórnmálaflokks á árinu 2015, 2016 og 2017. Svarið skal taka yfir greiðslur til allra fulltrúa stjórnmálaflokkanna í nefndum og ráðum á vegum Reykjavíkurborgar, sem og stjórnun B-hluta fyrirtækja og byggðasamlaga. Þá skal sundurliðað hversu margir einstaklingar þiggja launagreiðslur fyrir pólitíska setu sína í nefndum og ráðum sundurliðað eftir stjórnmálaflokkum. Einnig skal gerður greinarmunur í svarinu á kjörnum fulltrúum, þ.e.a.s. borgarfulltrúum, 1. varaborgarfulltrúa og síðan öðrum.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Reykjavík 16. mars 2018

Efni: Mótmæli íbúa við fyrirhugaðri byggingu fjölbýlishúsa við Furugerði 23, 108 Reykjavík.


Íbúar við Furugerði og Espigerði hafa sent borgaryfirvöldum bréf og fyrirspurnir vegna fyrirhugaðrar byggingar fjölbýlishúsa við Furugerði 23 í Reykjavík.

Nánar tiltekið sendu íbúar Borgarráði og Skipulagsfulltrúa bréf dags. 21. desember 2017. Svar barst með tölvupósti 5. janúar 2018 frá Ann Andreasen á skrifstofu skipulagsfulltrúa. Einnig barst svar við sama erindi, ásamt umbeðnum gögnum, frá Hrólfi Jónssyni, skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar með bréfi 16. janúar 2018. Íbúar sendu skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar bréf 4. febrúar 2018 þar sem frekari upplýsinga í sjö tölusettum liðum var óskað. **Svar hefur ekki borist við því bréfi en afrit þess var sent Borgarráði og Skipulagsfulltrúa.** Hér er um mikilvægt hagsmunamál fyrir íbúa svæðisins að ræða og að mati íbúa er ekki boðlegt að erindi þeirra sé hunsað með þeim hætti sem gert hefur verið.

Óháð því hvort og þá hvenær svar berst við ofangreindu bréfi frá 4. febrúar 2018, óska fulltrúar íbúa eftir fundi með þér vegna málsins eigi síðar en 6. apríl næstkomandi.

Einnig er óskað eftir þeim fundargerðum Borgarráðs þar sem málið hefur verið rætt og gögnum er varða málsmeðferð hjá Reykjavíkurborg frá 16. janúar 2018.

Fyrir hönd aðgerðarhóps íbúa við Furugerði og Espigerði


Lára Áslaug Sverrisdóttir
Furugerði 10, 108 Reykjavík
larasverris@simnet.is

Afrit sent:
Borgarráð
Skipulagsfulltrúi
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar